

# 237. KIRKJURÁÐSFUNDUR

FÖSTUDAGUR 18. SEPTEMBER 2015 KL 9:30

haldinn á Biskupsstofu

---

## DAGSKRÁ

---

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.
2. Kirkjuþing – mál frá biskupi og Kirkjuráði.
3. Tónlistarmál kirkjunnar.
4. Samkomulag við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild, ósk um upplýsingar.
5. Úrskurðarnefnd Þjóðkirkjunnar.
6. Plæging – Öfundarfirði.
7. Fjármál.
  - a. Einarstofa.
  - b. Fjárlög 2016.
  - c. Aðalbókari/Fjármálastjóri, staða mála (upplýsingar).
  - d. Kirkjujarðasamkomulagið, staða mála (upplýsingar).
  - e. Jöfnunarsjóður.
8. Landamerki milli Breiðabólstaðatorfu og Vestur - Sámstaða í Fljótshlíð.
9. Erindi frá Kirkjugarðaráði.
10. Önnur mál.
  - a. Fundur framkvæmdastjóra Kirkjuráða á Norðurlöndum.
  - b. Nefnd um launakjör, starfslýsingar og stofnanasamninga á Biskupsstofu.

---

## 1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

---

Fundurinn hófst á Biskupsstofu kl. 9:30. Mætt voru auk vígslubiskups í Skálholti, séra Kristjáns Vals Ingólfssonar, sem stýrði fundi í fjarveru biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur, kirkjuráðsmennirnir séra Elínborg Gísladóttir, séra Gísli Gunnarsson, Stefán Magnússon og Svana Helen Björnsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Ellisif Tinna Víðisdóttir, framkvæmdastjóri kirkjuráðs og Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Magnús E. Kristjánsson forseti kirkjuþings sat fundinn undir dagskrárlið 2.

Guðmundur Þór Guðmundsson lögfræðingur Biskupsstofu sat fundinn undir dagskrárlið 2.

Ragnhildur Benediktsdóttir lögfræðingur sat fundinn undir dagskrárliðum 8 og 9.

Vígslubiskup setti fundinn með ritningarlestri og bæn.

Fundargerð 236. kirkjuráðsfundar var undirrituð.

---

## 2. KIRKJUÞING – MÁL FRÁ BISKUPI OG KIRKJURÁÐI

---

Drög að málaskrá kirkjuþings lögð fram til kynningar.

---

## 3. TÓNLISTARMÁL KIRKJUNNAR

---

Erindi frá kirkjutónlistarráði frá 20. ágúst sl. lagt fram.

Að auki voru lögð fram eftirfarandi gögn: Skýrsla starfshóps um tónlistarmál frá 21. mars 2012 sem kirkjuráð skipaði, skýrsla bráðabirgðastjórnar frá 8. september 2014 sem kirkjuráð skipaði, fundargerð fjármálahóps kirkjuráðs frá 30. apríl 2012, minnisblað frá biskupi, skýrsla kirkjutónlistarráðs um fjármál tónlistarmála kirkjunnar 2014-2015 ásamt fundargerðum kirkjutónlistarráðs frá 18. og 25. júní sl.

Kirkjuráð samþykkti að veita 5 m.kr. viðbótarfjárveitingu vegna ársins 2015 úr Kirkjumálasjóði í samræmi við tillögu kirkjutónlistarráðs um að gera skuli eina fjárhagsáætlun fyrir Tónskóla Þjóðkirkjunnar og verkefnisstjóra kirkjutónlistar.

Kirkjuráð samþykkti að fela kirkjutónlistarráði í samráði við skólastjóra Tónskólans og verkefnisstjóra kirkjutónlistar að hefja endurskoðun á kirkjutónlistarstefnu Þjóðkirkjunnar. Kirkjutónlistarráð skal skila tillögum sínum til kirkjuráðs í upphafi árs 2016.

---

#### 4. SAMSTARFSSAMNINGUR VIÐ GUÐFRÆÐI- OG TRÚARBRAGÐAFRÆÐIDEILD

---

Að beiðni kirkjuráðsmanns var lagður fram til umfjöllunar samstarfssamningur biskups Íslands og Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar sem undirritaður var 25. apríl 2014.

Vígslubiskup útskýrði tilurð sammingsins.

Kirkjuráð leggur áherslu á að stýrihópurinn, sem getið er um í samstarfssamningnum skili kirkjuráði álitinu sínu í október nk. í samræmi við 5. grein samstarfssammingsins. Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að fylgja málinu eftir.

---

#### 5. ÚSKURÐARNEFND ÞJÓÐKIRKJUNNAR

---

Á síðasta fundi kirkjuráðs samþykkti kirkjuráð að leggja fram sáttatilboð í máli byggingarnefndar og sóknarnefndar Stórolfshvolskirkju og kirkjuráðs sem er nú fyrir Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar.

Framkvæmdastjóri kynnti nýja sáttatillögu málshefjanda.

Kirkjuráð ítrekar áður framkomið sáttatilboð.

---

#### 6. PLÆGING, ÖNUNDARFIRÐI

---

Drög að samkomulagi um lagnaleið háspennujarðstrengs í landi Holts í Önundarfirði lögð fram.

Framkvæmdastjóri kynnti málið.

Kirkjuráð samþykkti drögin fyrir sitt leyti, að því gefnu að ábúandi geri ekki athugasemdir við það.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að ræða við ábúandann og ljúka samningagerðinni.

---

#### 7. FJÁRMÁL

---

*a. Einarstofa í Heydölum.*

Á kirkjuþingi 2010 voru kynntar samningaviðræður Breiðdalshrepps við sveitarfélög á Héraði og Seyðisfirði um urðun sorps í landi Heydala fyrir viðkomandi sveitarfélög. Afgjaldið skyldi renna til undirbúnings á uppbyggingu menningar- og safnaðarmiðstöðvar við Heydalakirkju sem helguð yrði minningu og verkum þjóð- og sálmaskáldsins séra Einars Sigurðssonar.

Kirkjumálasjóður hefur móttengið greiðslu frá sveitarfélaginu og varðveitt samkvæmt samkomulaginu og eru fjármunirnir til reiðu þegar á þarf að halda til verkefnisins.

Framkvæmdastjóri kynnti málið.

*b. Fjárlagafrumvarpið 2016*

Farið var yfir fjárlagaliði fjárlagafrumvarpsins 2016. Það gerir ráð fyrir að þjóðkirkjan afli sértekna að fjárhæð 229,5 m.kr.

Framkvæmdastjóri kynnti málið.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að gera skriflegar athugasemdir við fjármálaráðherra m.a. að ríkisvaldið reikni með sértekjum að fjárhæð 229,5 m.kr. Afrit skal sent forsætisráðherra, innanríkisráðherra og til allra alþingismanna.

*c. Aðalbókari/Fjármálastjóri, staða mála.*

Framkvæmdastjóri kynnti stöðu mála.

*d. Kirkjujarðasamkomulagið, staða mála.*

Framkvæmdastjóri kynnti stöðu mála.

*e. Jöfnunarsjóður sókna.*

Kirkjuráð hélt áfram umfjöllun um umsóknir í Jöfnunarsjóð sókna.

---

## 8. LANDAMERKI MILLI BREIÐABÓLSSTAÐATORFU OG VESTUR-SÁMSSTAÐA Í FLJÓTSHLÍÐ

---

Ágreiningur er um landamerki milli Breiðbólsstaðatorfu og Vestur-Sámsstaða í Fljótshlíð. Eftirfarandi gögn lögð fram til upplýsingar: Minnisblað til kirkjuráðs um landamerki Breiðabólsstaðar og Sámsstaða frá 16.9.2015, greinargerð Árna Þ. Sigurðssonar og Árna M. Emilssonar frá 16.9.2015, fundargerð frá dómkvöddum matsmönnum frá 20.6.1967, fundargerð skiptanefndar Rangárvallasýslu frá 25.8.1986, bréf Hauks Péturssonar verkfræðings og Ásgeirs L. Jónssonar vatnsvirkjafræðings frá 15.10.1968, yfirlýsing frá Jarðadeild landbúnaðarráðuneytisins frá 13.4.1987.

Ragnhildur Benediktsdóttir kynnti málið.

Kirkjuráð samþykkti að fela séra Gísla Gunnarssyni, kirkjuráðsmanni, séra Kristjáni Val Ingólfssyni, vígslubiskupi í Skálholti, og Sigurgeiri Skúlasyni, verkefnisstjóra, að fara á vettvang og leggja tillögur sína að afgreiðslu málsins fyrir næsta fund.

---

## 9. ERINDI FRÁ KIRKJUGARÐARÁÐI

---

Erindi frá kirkjugarðaráði dagsett 16. september 2015 lagt fram.

Árið 2005 var undirritað samkomulag milli ríkisins og kirkjugarðaráðs um fjárframlag úr ríkissjóði til starfsemi kirkjugarða samkvæmt ákveðnu gjaldalíkani. Frá árinu 2009 hafa tekjur kirkjugarða verið skertar um u.þ.b. 350 milljónir króna umfram hagræðingarkröfur ríkisins á þessu tímabili. Ljóst er að sú fjárhæð sem nú rennur til grafreita nægir engan veginn til þess að uppfylla það ákvæði samningsins „að standa straum af heildarkostnaði við lögbundin verkefni kirkjugarða“. Endurnýja þarf samkomulagið við ríkið og uppfæra þau einingaverð sem eru forsendur framlagsins. Kirkjugarðaráð óskar með erindinu eftir liðsinni biskups og kirkjuráðs til þess að fá leiðréttingu á framlagi ríkisins til kirkjugarðsmála.

Ragnhildur Benediktsdóttir kynnti málið.

Kirkjuráð samþykkti að leitast við að liðsinna kirkjugarðaráði eftir öllum mögulegum leiðum. Málafni kirkjugarðanna verða til umfjöllunar á kirkjuþingi 2015.

---

## 10. ÖNNUR MÁL

---

*a. Fundur framkvæmdastjóra kirkjuráða á Norðurlöndum.*

Framkvæmdastjóri sagði frá fundi framkvæmdastjóra kirkjuráða á Norðurlöndum sem haldinn var á Svalbarða fyrr í mánuðinum.

*b. Nefnd er skoði m.a. launakjör, starfslýsingar og stofnanasamninga á Biskupsstofu.*

Að beiðni kirkjuráðsmanns samþykkti kirkjuráð að nefnd sú sem kirkjuráð samþykkti að skipa á síðasta fundi sínum skuli mönnum eftirfarandi aðilum: Ellisif Tinnu Víðisdóttur, framkvæmdastjóra, formanni, Sveinbjörgu Pálsdóttur, skrifstofustjóra og Ingu Rún Ólafsdóttur, ráðgjafa.

Fundargerð yfirfarin og samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:18.

Næsti fundur kirkjuráðs verður haldinn á Biskupsstofu þriðjudaginn 13. október nk.

---

Kristján Valur Ingólfsson,  
vígslubiskup í Skálholti.

---

Þorvaldur Víðisson,  
ritari.

---

Séra Elínborg Gísladóttir.

---

Séra Gísli Gunnarsson.

---

Stefán Magnússon.

---

Svana Helen Björnsdóttir.